


Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Reykjavík 21. nóv. 2013

Umsögn um þingmál nr. 157, frumvarp til laga um aukatekjur ríkissjóðs
(heilbrigðisstéttir, fjölmiðlar o.fl).

Undirrituð gerir athugasemd við 1. grein frumvarpsins, þar sem tilgreindir eru liðir í 10. grein laganna þar sem talin eru upp leyfi til fagstétta. Óljóst er hvað liggur að baki skiptingu milli liða 2-19, þ.e. hvaða fagstéttir heyra undir hvaða lið. Allar fagstéttirnar eru löggiltar heilbrigðisstéttir og því myndist mér eðlilegt að hafa þær annað hvort allar undir sama lið eða að þær væru allar aðskildar, hver og ein stétt undir sínum lið.

Virðingarfyllst,
f.h. Sálfræðingafélags Íslands



Halla Þorvaldsdóttir
framkvæmdastjóri